



Rótarýumdæmið á Íslandi

Starfshópaskiptinefnd – GSE (Group Study Exchange)

Skýrsla Starfshópaskiptanefndar umdæmis 1360 árið 2004 – 2005

Nefndina skipuðu: Snorri Þorsteinsson Rótarýklúbbi Borgarness, formaður, Dögg Pálsdóttir Rótarýklúbbum Reykjavík – Miðborg, Guðbjörg Karlsdóttir Rótarýklúbbi Vestmannaeyja, Guðni Gíslason Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar og Haraldur Friðriksson Rótarýklúbbum Borgum 2004.

Var nefndin óbreytt frá síðasta ári. Enginn fundur var haldinn á árinu. Var tvívegis gerð tilraun til að ná fulltrúum saman til fundar en þar eð ekki gátu allir nefndarmenn komið var látið duga að hafa samband með tölvupósti, enda engin stórmál á dagskrá á þessu ári.

Á árinu var kynnt sú breyting á nýsettum reglum Rótarýsjóðsins um starfshópaskipti að þar sem gert var ráð fyrir að slík skipti færu aðeins fram annaðhvort ár var nú ákveðið að heimilt væri að þau ættu sér stað árlega og jafnvel ýtt undir að svo yrði. Umdæmi 1360 hefur markað þá stefnu að skipti starfshópa fari fram annað hvort ár og séu báðir hópar á ferð á sama ári að tryggja samhengi í starfi og sjá til að sú kynning milli umdæma sem stefnt er að verði sem mest og víðtækust. Nefndin hefur rætt þetta mál mikið og ítarlega og er ákveðið þeirrar skoðunar að rétt sé að halda fast við þessa stefnu, enda þótt mjög sé sótt á frá öðrum umdæmum að fjölga skiptum og jafnvel hafi verið boðið að taka þátt í kostnaði okkar þeirra vegna.

Klúbbar hér á landi eru fáir og fámennir, miðað við mörg önnur umdæmi, dreifðir um allt land og því kostar það nákvæma skipulagningu og erfið ferðalög fyrir gesti okkar eigi þeir að kynnast landinu og Rótarýhreyfingunni svo að vel geti kallast. Hingað til hefur þetta tekist fyrir myndarlegan stuðning og mikið starf klúbbanna, ekki síst á landsbyggðinni, sem hafa séð fyrir gistingu, fæði og ágætri kynningu nágrennis síns og annast flutning gestanna milli klúbbsvæða. Mörg umdæmi, flest þeirra í Vesturheimi, sækjast eftir að eiga skipti við umdæmi okkar og hafa bæði starfandi, viðtakandi og tilnefndur umdæmisstjóri svo og formaður nefndarinnar fengið margar umsóknir, tilmæli og fyrirspurnir um það efni.

Í samráði viðtakandi umdæmisstjóra og nefndarformanns var gengið frá samkomulagi um starfshópaskipti vorið 2006 við umdæmi 5580, sem nær yfir hluta Ontario fylkis í Kanada, Norður Dakota og hluta ríkjanna Minnesota og Wisconsin í Bandaríkjunum. Í því umdæmi eru 65 klúbbar og um 3500 klúbbfélagar.

Fulltrúar umdæmis okkar fara utan í apríl, en gestirnir koma í maí og dvelja hérlendis 28 daga, en reglur RF um tímalengd eru strangar og kveða á um fjögurra til sex vikna dvöl og hefur ekki tekist utan einu sinni að fá samþykktan skemmri tíma en þetta. Þó að allt sé gott um samskiptin við félagi okkar í Ameríku að segja hefur sú skoðun verið viðruð í nefndinni, að æskilegt væri að litið væri og leitað í fleiri áttir eftir skiptum. Koma þá í hug svæði eins og Austur Evrópa, Mið og Suður Ameríka og Ástralía eða Nýja Sjáland. Virðist ekki óeðlilegt að íslenska umdæmið fari að hafa frumkvæði og bjóða sjálft upp í dans á þessu samskiptagólfi Rótarýumdæma.

Undirritaður formaður nefndarinnar þakkar meðnefndarmönnum sínum gott samstarf og mikla þolinmæði í samskiptum undanfarin ár. Umdæmisstjórum og klúbbforsetum er innilega þakkað fyrir góðan stuðning og ánægjuleg samskipti.

Borgarnesi, 27. maí 2005
Snorri Þorsteinsson